

Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins sem frestað var á fundi skóla- og frístundaráðs 12. nóvember 2019:

Lagt er til að farið verði í úrbætur til að bæta loftgæði í Laugarnesskóla. Mælingar hafa sýnt að styrkur koltvísýrings sé þar of hár og yfir viðmiðunarmörkum í kennslustofum í eldri byggingu skólans enda ekkert loftræstikerfi þar til staðar. Hár styrkur koltvísýrings í lofti getur valdið óþægindum og slappleika. Ekki er boðlegt að bjóða nemendum og starfsfólki upp á heilsuspillandi húsnæði og því mikilvægt að farið verði í úrbætur strax. Nú þegar hefur slæmt ástand skólans haft áhrif á starfsmannálin.